

Fimmtudaginn 17. október 1991.

Nr. 414/1988. **Sigríður Þorsteinsdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**Árna Leóssyni**

(Othar Örn Petersen hrl.)

**og Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda**

**í Reykjavík.**

Hjón. Búskipti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1988. Dómkröfur hennar eru þessar:

„1. Aðallega, að við búskipti málsaðila verði beitt ákvæði 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972, þannig, að viðurkennt verði, að áfrýjanda sé heimilt að taka að óskiptu úr hjúskapareign andvirði íbúðar að Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, sem nánar er tiltekið fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, á þriðju hæð Bergstaðastrætis megin, enda taki áfrýjandi að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, en þó að undanskildum þremur veðskuldum, sem tilheyra stefnda Árna, við Lífeyrissjóð verslunarmanna, upphaflega að fjárhæð kr. 150.000, skv. veðbréfi, dags. 27/12 '84, og við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, skv. veðbréfi, dags. 9/8'85, og einnig við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 200.000, skv. veðbréfi, dags. 25/11'86.

2. Til vara er þess krafist, að ákveðin verði önnur frávik frá helmingaskiptum til aukningar á búshluta áfrýjanda.

3. Að stefnda Árna verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins.“

Dómkröfur stefnda Árna eru þessar:

„Aðallega, að við skipti á búi aðila verði andvirði fasteignar búins, sem var fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, að Skólavörðustíg 12, skipt samkvæmt svonefndri helmingaskiptareglu, sbr. 2. mgr. 18. gr. l. nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna.

Til vara er gerð sú krafa, að áfrýjanda verði aðeins heimilað að taka hluta af verðmæti ofangreindrar fasteignar af óskiptu samkvæmt nánari ákvörðun réttarins.

Til þrautavara er þess krafist, að áfrýjandi taki að sér greiðslu allra áhvílandi veðskulda á fasteigninni, verði henni heimilað að taka umdeilda fasteign af óskiptu búi.

Í öllum tilvikum er jafnframt krafist greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.“

Jóni Skaftasyni skiptaráðanda var stefnt fyrir Hæstarétt, en hann hefur ekki látið sækja þing í málinu.

Fram er komið, að fasteign sú, sem áfrýjandi festi kaup á 5. apríl 1984 og um getur í hinum áfrýjaða úrskurði, var seld á nauðungaruppboði 9. febrúar 1989. Eignin var lögð Byggingarsjóði ríkisins út sem ófullnægðum veðhafa. Nokkrir kröfuhafar, sem höfðu fengið tryggingar fyrir kröfum sínum með aðfarargerðum, fengu ekki greiðslur af uppboðsandvirðinu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst af hálfu áfrýjanda, að hún hefði hagsmuni af að fá dóm í samræmi við kröfur sínar, þar sem hún teldi, að stefndi einn ætti að standa skil á þremur veðskuldum, sem greiddar voru af uppboðsverðinu og nefndar eru í kröfugerð.

Glöggar upplýsingar liggja ekki fyrir í máli þessu um eignir og skuldir málsaðila, en þær voru teknar til opinberra skipta vegna skilnaðar þeirra. Ljóst er þó, sem fyrr greinir, að íbúðin við Skólavörðustíg var seld og að ekki er neitt fé til skipta af söluverðinu, og ekki hafa verið leiddar líkur að því, að til skipta komi eignir, sem að mestu stafi frá áfrýjanda. Getur skiptaréttur því ekki á grundvelli 57. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar skipt eftir 27. gr. laganna með þeim hætti, sem áfrýjandi krefst í aðal- og varakröfum sínum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, en ekki eru, eins og komið er, efni til að taka afstöðu til þess, hvort skilyrði 57. gr. hjúskaparlaganna séu að öðru leyti til staðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigríður Þorsteinsdóttir, greiði stefnda Árna Leóssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. október 1986.

#### I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. september 1988.

Sóknaraðili, Sigríður Þorsteinsdóttir, nnr. 7861-4685, Svíþjóð, gerir þær dómkröfur aðallega, „að við búskipti málsaðila verði beitt ákvæði 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972, þannig, að sóknaraðila verði heimilað að taka af óskiptu úr hjúskapareign íbúð að Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, sem er nánar tiltekið fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, á þriðju hæð Bergstaðastrætis megin, enda taki sóknaraðili að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, en þó að undanskildum þremur veðskuldum, sem tilheyra varnaraðila, við Lífeyrissjóð verslunarmanna, upphaflega að fjárhæð kr. 150.000, skv. veðbréfi, dags. 27/12 '84, og við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, skv. veðbréfi, dags. 9/8 1985, og einnig við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 200.000, skv. veðbréfi, dags. 25/11 '86“.

Til vara krefst sóknaraðili þess, „að skiptaréttur ákveði önnur frávik frá helmingaskiptum til aukningar á búhluta sóknaraðila“. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili, Árni Leósson, Neshaga 15, Reykjavík, kt. 010358-4349, krefst þess aðallega, að við skipti á búi aðila verði fasteign búðsins, fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, að Skólavörðusíg 12, skipt samkvæmt helmingaskiptareglu, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna“.

Til vara krefst varnaraðili þess, að sóknaraðila verði aðeins heimilað að taka hluta af verðmæti ofangreindrar fasteignar af óskiptu samkvæmt nánari ákvörðun réttarins.

Til þrautavara krefst varnaraðili þess, að sóknaraðili taki að sér greiðslu allra áhvílandi veðskulda á fasteigninni, verði honum heimilað að taka umdeilda fasteign af óskiptu búi. Í öllum tilvikum krefst hann greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Aðilar máls þessa gengu í hjónaband 23.4. 1984. Fram að því munu þau hafa búið í óvígðri sambúð um nokkurt skeið, en málsaðilar eru ekki sam-mála um, hversu lengi sú sambúð varaði.

Hjónin slitu samvistum í mars 1987, og 6. október 1987 var tekin fyrir við embætti yfirborgardómara krafa málsaðila um skilnað að borði og sæng. Samkomulag tókst ekki um eignaskipti milli hjónanna, og var félagsbú þeirra tekið til opinberra skipta í skiptarétti Reykjavíkur 7.3. 1988. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út af dómsmálaráðuneytinu 23.3. 1988.

Við uppskrift á búinu kom fram ágreiningur málsaðilanna um það, eftir hvaða reglum fasteign búins að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, skyldi skipt, og er sá ágreiningur til úrlausnar í máli þessu. Öðrum eignum félagsbúsins hefur verið skipt.

Skiptaráðandi hefur leitað sátta í máli þessu, en sú viðleitni ekki borið árangur.

## II.

Aðilar máls þessa eru ekki sammála um, hvenær sambúð þeirra hófst. Sóknaraðili kom fyrir réttinn 2.9. 1988, og svarar hún spurningu varnaraðila um það, hvenær hún og varnaraðili hafi hafið sambúð, þannig: „Við giftum okkur í apríl '84.“ Varnaraðili kom fyrir réttinn 23.9. 1988 og svaraði þannig spurningu um, hvenær hann og sóknaraðili hefðu hafið sambúð: „Það var seinni part ágúst 1982.“ Samkvæmt framburði vitna fyrir réttinum 23.9. 1988 mun sú sambúð hafa verið hafin um áramót 1983 - 1984. Varnaraðili kveðst hafa flutt til sóknaraðila að Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, en þá fasteign átti sóknaraðili í sameign með foreldrum sínum. Varnaraðili átti við upphaf hjúskapar Ford-Bronco-bifreið, árgerð 1973, er hann hafði keypt fyrir kr. 88.000 árið 1983.

Eins og fyrr segir, gengu málsaðilar í hjónaband 23.4. 1984, og 9. maí 1985 ól sóknaraðili barn, en sóknaraðili átti fyrir tvö börn af fyrra hjónabandi. Voru börnin á heimili málsaðila, þar til sóknaraðili fluttist til Svíþjóðar 2. janúar 1987. Urðu þá börnin eftir í umsjá varnaraðila, þar til hann kom til Svíþjóðar 1. mars 1987 með sameiginlegt barn málsaðila, en hín börnin urðu eftir á Íslandi.

Samkvæmt framburði málsaðila fyrir réttinum virðist hvorugt þeirra hafa haft frumkvæði að því að óska eftir skilnaði, heldur hafi samtali þeirra um skilnað þróast í þá átt, að bæði voru að lokum sammála um, að skilnaður væri óhjákvæmilegur.

Fasteignin að Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, var seld 29.1. 1984, og var söluverð hennar kr. 1.850.000, er átti að greiða þannig, að 1.400.000 skyldi greiða á tímabilinu 19.1. 1984 til 30.12. 1984, mismunurinn var greiddur með útgáfu skuldabréfs, að fjárhæð kr. 303.419, og yfirtöku skulda, sem hvíldu á eigninni, að fjárhæð kr. 146.581. Samkvæmt kaupsamningi um eignina skyldi seljandi aflétta skuldum, er hvíldu á eigninni:

Á 1. veðrétti kr. 20.000 til Alþýðubankans hf., dagsett 8.8. 1980.

Á 2. veðrétti kr. 13.806,25 til handhafa, dagsett 13.8. 1981.

Á 3. veðrétti kr. 120.000 til Lífeyrissjóðs starfsm. Reykjavíkurborgar, ds. 26.10. 1981.

Á 4. veðrétti kr. 20.000 til Búnaðarbanka Íslands, dags. 10.11. 1981.

Hinn 5.4. 1984 keypti sóknaraðili máls þessa íbúð að Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, sem um er deilt í máli þessu. Kaupverð þeirrar eignar var 1.850.000, og skyldi greitt með 1.152.880 kr. í útborgun á tímabilinu 5.4. 1984 til 5.12. 1984 og yfirtöku áhvilandi veðskulda, að fjárhæð kr. 697.120.

Greiðslur samkvæmt kaupsamningi um Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, áttu að stemma við greiðslur samkvæmt kaupsamningi um Skólavörðustíg 12, þannig, að greiðsla kæmi á móti greiðslu. Komið hefur hins vegar fram í málinu, að vanskil urðu á þremur síðustu greiðslum samkvæmt kaupsamningi um Tjarnarbraut 9, svo að greiðslur, er áttu að berast 30.10. 1984 og 30.11. 1984, samtals að fjárhæð kr. 170.000, bárust ekki á réttum tíma, en 7.12. 1984 barst innborgun, kr. 150.000. Greiðsla að fjárhæð kr. 75.000, er átti að berast 30.12. 1984, barst ekki fyrr en 23.1. 1985. Skuld kaupenda Tjarnarbrautar 9 við seljendur var með dráttarvöxtum 1.2. 1987 kr. 58.604.

Á eigninni að Skólavörðustíg 12 hvíla nú auk þeirra veðskulda, er kaupandi tók að sér samkvæmt kaupsamningi um eignina:

Í fyrsta lagi skuldabréf við Lífeyrissjóð verslunarmanna, upphaflega að fjárhæð kr. 150.000, út gefið 27. 12. 1984. Skuldari samkvæmt því bréfi Árni Leósson.

Í öðru lagi skuldabréf við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, út gefið 9.8. 1985. Skuldari samkvæmt því bréfi Árni Leósson.

Í þriðja lagi skuldabréf við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, út gefið 29.8. 1985, upphaflegur útgáfudagur 26.10. 1981. Skuldari samkvæmt því bréfi Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í fjórða lagi skuldabréf við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 200.000, út gefið 25. 4. 1986. Skuldari samkvæmt því bréfi Árni Leósson.

Í fimmta lagi fjárnám við J.L. - Byggingavörur, dags. 23.10. 1986, að fjárhæð kr. 11.581,20. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í sjötta lagi lán við Byggingarsjóð ríkisins, upphaflega að fjárhæð kr. 400.000, út gefið 1.12. 1986. Skuldari Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í sjöunda lagi fjárnám, ds. 5.2. 1987, við Samvinnubanka Íslands, að fjárhæð kr. 77.710. Gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í áttunda lagi fjárnám, ds. 2.3. 1987, við Liðsauka hf., að fjárhæð kr. 12.060. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í níunda lagi fjárnám, ds. 24.2 1987, við Útvegsbanka Íslands hf., að fjárhæð kr. 72.710. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í tíunda lagi fjárnám við Samvinnubanka Íslands, ds. 25.3. 1987, að fjárhæð kr. 122.160. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í ellefta lagi fjárnám við Samvinnubanka Íslands, ds. 25.3. 1987, að fjárhæð kr. 118.090,40. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Samkvæmt framburði vitnis, er kom fyrir réttinn í máli þessu 23.9. 1988, var láni því, er varnaraðili tók hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, að fjárhæð kr. 150.000, varið til greiðslu afborgana af Skólavörðustíg 12. Einnig kvaðst vitnið hafa heyrt þess getið, að föðursystir varnaraðila hefði aðstoðað málsaðila við að greiða afborgun af íbúðinni að Skólavörðustíg 12, en komið hefur fram í málinu, að það fé var endurgreitt með greiðslu, er kom út úr sölunni á Tjarnarbraut 9.

Samkvæmt skýrslu varnaraðila, er hann gaf fyrir réttinum 23.9. 1988, voru lán þau, er hann tók hjá Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 120.000, svo og lán í Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 200.000, einnig tekið til þess að standa straum af afborgunum vegna Skólavörðustígs 12 svo og til greiðslu útgjalda heimilsins, en sóknaraðili hefur borið á móti því.

Sóknaraðili kom fyrir réttinn til skýrslugjafar í máli þessu 2.9. 1988. Var hún innt eftir því, hvort varnaraðili hefði skoðað íbúðina að Skólavörðustíg 12, áður en hún var keypt. Svaraði sóknaraðili þeirri spurningu á þann veg, að hún hefði fyrst skoðað íbúðina, og síðan hefði varnaraðili skoðað hana eða þau saman, og þau hefðu skoðað fleiri íbúðir saman. Aðspurður kvað sóknaraðili varnaraðila hafa tekið þátt í að semja um greiðslukjör og verð íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12 á síðari stigum málsins.

Varnaraðili gaf skýrslu fyrir réttinum 23.9. 1988, og kvaðst hann hafa skoðað með sóknaraðila margar íbúðir auk þeirrar á Skólavörðustíg 12.

Er sóknaraðili kom fyrir réttinn 2.9. 1988, var hún einnig spurð að því, hvort varnaraðili hefði ekkert lagt fram til framfærslu barnanna. Svaraði sóknaraðili á þann veg, að sjálfsgagt hefði hann keypt mat og borgað reikninga öðru hverju, en engin föst regla hefði verið á því. Þá var hún spurð að því, hvort tekjur varnaraðila hefðu verið notaðar til framfærslu heimilisins, meðan sóknaraðili var frá vinnu vegna fæðingar dóttur málsaðila. Svaraði sóknaraðili á þá leið, að það hefði verið svo að mestum hluta, enda hefði verið um það samið, og að sóknaraðili (sic) hefði fram að þeim tíma haft meiri tekjur en varnaraðili (sic). Þá kemur einnig fram í skýrslu sóknaraðila sama dag, að hlutur foreldra sóknaraðila í Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, var gefinn sóknaraðila í brúðargjöf, er málsaðilar giftu sig í apríl 1984. Einnig kemur fram í sömu skýrslu sóknaraðila, að sóknaraðili hóf störf hjá tímaritinu Stíl á árinu 1986 og tók þá á sig þær fjárskuldbindingar, sem urðu til þess, að þau fjárnám, sem að ofan getur og hvíla á fasteigninni að Skólavörðustíg 12, voru gerð. Fjárnám við J.L.-Byggingavörur, að fjárhæð kr. 11.581,20, er þó ekki til komið vegna þeirra skuldbindinga.

Sóknaraðili kvaðst hafa fengið 300.000 kr. í laun frá tímaritinu Stíl rétt fyrir jól 1986, en málsaðilar eru ekki sammála um, hvernig því fé var ráðstafað.

Samkvæmt skattframtölum, er lögð voru fram í máli þessu, voru tekjur málsaðila fyrir neðangreind ár þessar:

*Tekjur sóknaraðila:*

1. árið 1984 kr. 238.048,
2. árið 1985 kr. 86.042,
3. árið 1986 kr. engar.

*Tekjur varnaraðila á sama tíma voru þessar:*

1. árið 1984 kr. 470.252,
2. árið 1985 kr. 690.936,
3. árið 1986 kr. 841.261.

### III.

Krafa sóknaraðila er á því byggð, að fjárhagsleg samstaða hafi aldrei tekist með aðilum. Engar sameiginlegar fjárfestingar hafi átt sér stað í hjúskapnum, þar sem varnaraðili hafi fengið alla eða flestalla þá lausafjármuni, sem keyptir höfðu verið í hjúskapnum. Hún byggir á því, að skuldir hafi verið aðskildar og hafi sóknaraðili séð um greiðslu sinna skulda og varnaraðili um greiðslu sinna skulda. Þá telur sóknaraðili, að hjúskapur aðilanna og sambúð hafi staðið skamma hríð, rúm tvö ár, frá 23.4. 1984 og fram á haustmánuði í 1986, er sóknaraðili hafi flust til Svíþjóðar.

Sóknaraðili kveður, að eignir búsins, það er fasteign sú, sem um er deilt, stafi að öllu leyti frá sóknaraðila, og verði því helmingaskipti að teljast ósanngjörn, enda hafi fjárhagsleg samstaða ekki komist á og hjúskapur staðið mjög stuttan tíma.

Sóknaraðili kveður sömu rök eiga við um varakröfuna og aðalkröfuna.

Varnaraðili reisir kröfur sínar aðallega á því, að það sé grundvallarregla við slit á fjárfélagi hjóna, að hreinum eignum félagsbúsins skuli skipt til helminga við skilnað hjóna. Þar sem aðilar málsins hafi verið í hjónabandi frá 23.4. 1984 til 23.3. 1988, sé rétt að beita helmingaskiptareglunni við búskiptin.

Einnig kveður varnaraðili ekki skilyrði til þess að beita frávikum frá helmingaskiptareglunni með því að beita reglu 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 6/1972, um stofnun og slit hjúskapar, m.a. vegna þess, að ákvæði 57. greinar sé undantekningarákvæði, og beri því að skýra það þröngt. Auk þess beri þeim, er haldi fram, að skilyrði undantekningarreglunnar séu fyrir hendi, að sanna, að skilyrðin séu uppfyllt, og á þá sönnun skorti verulega.

Varnaraðili kveður eignir félagsbúsins ekki stafa að mestu leyti frá öðru hjóna. Þau hafi í sameiningu keypt íbúðina að Skólavörðustíg 12. Þótt hluti andvirðis fasteignarinnar að Tjarnarbraut 9 hafi runnið til kaupa á íbúðinni að Skólavörðustíg 12, sé á það að líta, að varnaraðili hafi komið með bifreið í búið og hann hafi útvegað lán til þess að standa straum af afborgunum íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12. Einnig hafi hlutur sóknaraðila úr Tjarnarbraut 9 komið seint og illa til skila inn í bú hjónanna.

Varnaraðili telur ekki bersýnilega ósanngjarnt að skipta búi aðilanna skv. helmingaskiptareglunni, er fram kemur í 18. gr., 2. mgr., laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Hjúskapur aðila hafi staðið í langan tíma, samtals tæp fjögur ár. Að auki hafi aðilar búið saman í óvígðri sambúð tæp tvö ár, áður en þau giftust. Hann kveður, að alger fjárhagsleg samstaða hafi tekist með aðilum, meðan á hjúskap þeirra stóð, og hafi báðir málsaðilar greitt afborganir af íbúðinni að Skólavörðustíg 12. Hann kveður varnaraðila hafa haft verulega hærrí tekjur en sóknaraðila, meðan á hjúskap þeirra stóð, þar sem sóknaraðili hafi lítið unnið úti, á meðan á hjúskap þeirra stóð. Af því hafi leitt, að varnaraðili hafi þurft að mestu leyti að sjá um að greiða afborganir af íbúðinni og framfleyta fjölskyldunni, þ. á m. sjá um framfærslu barna, er sóknaraðili hafi átt af fyrra hjónabandi.

Þá bendir varnaraðili á, að sóknaraðili hafi þurft að greiða verulegar fjárhæðir vegna skulda fyrirtækisins Stíls. Einnig sé á það að líta, að ósk um skilnað sé frá sóknaraðila komin og því ekki hægt að segja, að varnaraðili hafi verið að ná fjárhagslegum ávinningi með því að ganga í hjúskap og skilja síðan fljótlega.

Þá reisir varnaraðili kröfur sínar á því, að meðan óvígð sambúð varaði, hafi myndast hjá aðilum sameign, þ. á m. sá hluti íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12, sem greiddur var fyrir hjúskap aðila, og auk þess hluti af íbúðinni á Tjarnarbraut 9.

Vara- og þrautavarakröfu sína styður varnaraðili að mestu sömu rökum og aðalkröfu sína. Þó vill hann ítreka, að varnaraðili hafi tekið lán þau, er hvíla á Skólavörðustíg 12, til þess að greiða kaupverð íbúðarinnar að Skólavörðustíg, og þótt það hafi ekki verið ætlun aðila að taka þessi lán til íbúðarkaupanna, hafi það reynst nauðsynlegt, þar sem vanskil hafi orðið hjá kaupanda eignarinnar að Tjarnarbraut 9 og ekki hafi reynst unnt að treysta því, að sóknaraðili legði fram fjármagn til kaupanna á íbúðinni.

Aðilar máls þessa eru ekki á sama máli um, hvenær sambúð þeirra hófst, en sýnt þykir, að hún hafi verið hafin um áramót 1983-1984. Málsaðilar gengu í hjúskap 23.4.1984, og stóð hann til 23.3.1988, er leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út af dómsmálaráðuneytinu. Er aðilar gengu í hjúskap, hafði sóknaraðili fest kaup á íbúð að Skólavörðustíg 12, þeirri sem um er deilt í máli þessu. Sóknaraðili hugðist fjármagna kaupin með

söluandvirði fasteignarinnar að Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, en þá eign átti sóknaraðili í sameign með foreldrum sínum, en hlutur foreldra sóknaraðila var gefinn sóknaraðila í brúðargjöf, er málsaðilar gengu í hjúskap.

Á heimili málsaðila voru frá upphafi sambúðartímans allt til ársins 1987 tvö börn sóknaraðila af fyrri hjónabandi auk sameiginlegs barns þeirra, er fæddist 9. maí 1985. Er það fæddist, minnkuðu tekjur sóknaraðila til muna og voru raunar lægri en tekjur varnaraðila allan hjúskapartímann og engar árið 1986.

Sýnt er, að varnaraðili tók lán, upphaflega að fjárhæð 150.000, hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, út gefið 27.12. 1984, sem rann til seljenda íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12, en um það leyti voru greiðslur skv. kaupsamningi um Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, komnar í vanskil. Einnig hefur komið fram í málinu, að varnaraðili hafi greitt reikninga og staðið straum af útgjöldum til heimilisins, m.a. til framfærslu barnanna, með sóknaraðila, auk þess sem hann tók ofangreint lán hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna til þess að greiða afborganir af Skólavörðustíg 12.

Ákvæði 57. gr. laga, sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar verður að skýra þröngt, þar sem það er undantekningarákvæði frá almennu reglunni, heimingaskiptareglunni svonefndu, er fram kemur í 18. gr., 2. mgr., laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Sönnunarbyrði fyrir því, að skilyrðum undantekningarreglunnar sé fullnægt, ber sá, er óskar eftir skiptum á grundvelli hennar.

Telja verður, að öllum skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar verði að vera fullnægt, til þess að unnt sé að krefjast skipta á félagsbúi hjóna á grundvelli hennar.

Af því, sem rakið er hér að framan um fjármál málsaðila á sambúðartíma þeirra, verður að telja, að svo mikil fjárhagsleg samstaða hafi verið hjá þeim á hjúskapartíma þeirra, að beiting undantekningarákvæðis 57. gr. laga nr. 60/1972 geti ekki komið til greina við skipti á búi þeirra. Af því leiðir, að búskiptum ber að haga samkvæmt meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er því hafnað, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Ingveldur Þ. Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Sigríðar Þorsteinsdóttur, í máli þessu er hafnað. Búi sóknaraðila og varnaraðila, Árna Leóssonar, skal skipt samkvæmt meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Málskostnaður fellur niður.